

Elías Pétursson

Frá: Valtýr Sigurðsson hrl <valtyr@logvangur.is>
Sent: þriðjudagur, 12. janúar 2021 17:24
Til: Elías Pétursson
Efni: Skíðasvæðið Skarðsdal.

Elías Pétursson bæjarstjóri Fjallabyggðar

Eins og þér er kunnugt um benti Haukur Jónsson deildarstjóri hjá Vegagerðinni í tölvupósti 30. nóvember sl. á mikilvægi þess að skíðaskálinn í Skarðsdal sem og lyftur yrðu fluttar til á svæðinu í síðasta lagi næstkomandi vor, svo unnt væri að ljúka vegagerð að nýjum upphafsstað skíðasvæðisins. Ástæða þessa er sú að núverandi staðsetning þessara eigna hefur verið skilgreind á hættusvæði skv. mati Veðurstofunnar.

Í samræmi við óskir Vegagerðarinnar mun Leyningsás ses reyna að sjá til þess fjárlægja skíðaskála og lyftur næsta vor og koma þeim þannig fyrir að þær tefji ekki væntanlega vegagerð, þ.e. ef tekst að fjármagna verkið. Augljóst er að fáist ekki fjármagn til að flytja fasteignirnar á nýtt byrjunarsvæði mun skíðasvæðinu verða lokað til mikils tjóns fyrir Leyningsás, rekstraraðila sem og Fjallabyggð í heild. Stjórn Leyningsás hefur þungar áhyggjur af þessari þróun.

Það er mat stjórnar Leyningsáss ses. að núgildandi lög kveði á um að Ofanflóðasjóði sé heimilt að greiða bætur vegna uppkaupa sveitarfélagsins á viðkomandi eignum Leyningsáss ses eins og þeim sem hér eru undir, eða eftir atvikum flutningi á þeim. Það er mikið hagsmunamál fyrir sveitarfélagið að vel takist til við enduruppbyggingu skíðasvæðisins eftir að núgildandi hættumat Veðurstofunnar fyrir svæðið kvað á um að umræddar eignir væru staðsettar á hættusvæði m.t.t. ofanflóða og því ekki mögulegt að nýta þær að óbreyttu á þeim stað þar sem þær eru nú.

Með vísan til framangreinds fer stjórn Leyningsáss ses. þess á leit við Fjallabyggð að það geri kröfu til Ofanflóðasjóðs á grundvelli 11. gr. laga nr. 49/1997 um endurgreiðslur vegna uppkaupa þess, eða flutnings á fasteignum Leyningsáss ses á skíðasvæðinu í Skarðsdal á nýtt byrjunarsvæði samkvæmt gildandi deiluskipulagi. Reynist afstaða Ofanflóðasjóðs óbreytt frá því sem áður hefur komið fram um höfnun beiðninnar er þess hér með farið á leit að umrædd krafa verði sótt af hálfu Fjallabyggðar fyrir dómi, enda lögvarin krafa að mati Leyningsáss ses.

F. h. Leyningsáss ses
Valtýr Sigurðsson formaður.